

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. apríl 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-99/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á gleraugum, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 8. desember. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 10. apríl, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 24. júlí 2014 keypti álitsbeiðandi umgjörð af gerðinni Ray-Ban ásamt sjónglerjum af seljanda fyrir kr. 55.960. Af álitsbeiðni verður ráðið að sjóntækjafraeðingur á vegum seljanda mældi sjón álitsbeiðandi og aðstoðaði hana við að velja umgjörð. Þegar álitsbeiðandi sótti gleraugun fékk hún síðan aðstoð við að stilla umgjörðina. Eftir afhendingu kom álitsbeiðandi síðan fjórum sinnum í verslun seljanda til að láta stilla umgjörðina þar sem hún olli henni óþægindum. Kom í ljós að sjónmælingin hafði verið röng og var því skipt um gler í gleraugunum. Fór álitsbeiðandi aftur í verslun seljanda um miðjan september sl., þegar búið var að skipta um glerin og var umgjörðin stillt á nýjan leik. Hélt umgjörðin í þokkalegu lagi eftir þetta, en olli þó álitsbeiðanda verkjum bak við eyru. Í byrjun nóvember var umgjörðin farin að þrýsta mikið á bakvið eyru og þrengja að við nefið og taldi álitsbeiðandi sig ekki lengur geta notað gleraugun. Sendi álitsbeiðandi seljanda þá erindi og óskaði eftir endurgreiðslu, þar sem hún taldi fullreynt að láta laga umgjörðina. Var kröfum hennar hafnað á þeim forsendum að ekki væri um galla að ræða, en álitsbeiðanda í staðinn boðin ný umgjörð. Segist álitsbeiðandi hafa hafnað því þar sem hún hafði ekki áhuga á að eiga í frekari viðskiptum við seljanda, auk þess sem hún telur að umgjörðin sé gölluð og því eigi hún rétt á endurgreiðslu. Eins segist álitsbeiðandi hafa grun um að umgjörðin sé í raun ekki af þeirri gerð sem seljandi hefur haldið fram, heldur séu þau eftirlíking og því hafi hún borgað óeðlilega hátt verði fyrir umgjörðina. Segist álitsbeiðandi og hafa fengið þær skýringar frá seljanda að umgjarðir af umræddri tegund þurfi að stilla nokkrum sinnum og að þær eigi það til að aflagast. Þessar upplýsingar hafi ekki legið fyrir við kaupin. Segir álitsbeiðandi að hefði hún vitað að hún þyrfti ítrekað að fara með umgjörðina á starfstöð seljanda til að láta stilla hana, hefðu hún ekki keypt hana.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi riftunar. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kvittun fyrir kaupunum, ásamt ljósmynd af umræddum gleraugum.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi sjóngler ásamt umgjörð af gerðinni Ray-Ban af seljanda hinn 24. júlí 2014 fyrir kr. 55.960. Álitsbeiðandi telur umgjörðina haldna galla, annarsvegar vegna þess að erfitt hefur reynst að stilla umgjörðina með þeim afleiðingum að álitsbeiðandi hefur hlotið ýmis óþægindi af, en einnig þar eð álitsbeiðandi telur umgjörðina ekki vera af þeirri gerð sem seljandi hélt fram við kaupin, heldur sé um eftirlíkingu að ræða. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi riftunar.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“ og í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Hvað varðar fullyrðingar álitsbeiðanda um að umgjörðin sé ekki af þeirri gerð sem seljandi hefur haldið fram, þá eru þær fullyrðingar engum rökum studdar. Sér kærunefndin því ekki tilefni til að taka afstöðu til þess hvort gleraugun teljist gölluð á þeim grundvelli í skilningi framanrakinna ákvæða laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Hvað varðar hitt atriði, þ.e. um erfiðleika við að stilla gleraugun, þá getur kærunefndin fallist á að í einhverjum tilvikum geti slíkt vissulega talist til galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Kærunefndin getur hins vegar ekki fallist á, m.v. fyrirbyggjandi gögn í málinu, að sýnt hafi verið fram á að svo sé í þessu tilviki. Nokkuð vandasamt getur verið að stilla umgjærðir gleraugna svo þær henti hverjum og einum og getur þá þurft fleiri tilraunir til en eina. Getur kærunefndi þá heldur ekki fallist á að gleraugun séu haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna, þ.e. vegna þess að seljandi tilkynnti álitsbeiðanda ekki við kaupin að verið gæti að stilla þyrfti umgjærðirnar í nokkur skipti eftir kaupin.

Í álitsbeiðni liggur fyrir að seljandi hefur boðið fram nýja afhendingu á umgjörð, án þess þó að fallast á að umgjörðin sé haldin galla. Er rétt að benda á að þegar seljandi býður fram nýja afhendingu með þessum hætti, líkt og fyrir lægi að um galla væri að ræða, getur neytandi ekki krafist afsláttar eða riftunar, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Að öllu framanvirtu verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir